

Fundargerð 68. fundar háskólaráðs Háskólans á Hólum, 15. júní, 2020, kl. 13:00-15:12 í fundarsal háskólans, herbergi 303, að Hólum í Hjaltadal.

Þessir fulltrúar sátu fundinn:

Erla Björk Örnólfsdóttir, rektor, Ingibjörg Sigurðardóttir, Jón Eðvald Friðriksson, Laufey Skúladóttir, Stefán Óli Steingrímsson og Sveinn Margeirsson. Fulltrúi stúdenta fjarverandi. Fundarritari var Sigríður Sigurðardóttir.

Dagskrá fundar var samþykkt og fundargerð síðustu fjögurra funda voru undirritaðar.

Dagskrá fundar er:

1. Institute Wide Review – Sókn í kjölfar úttektar.
 - a. Helstu áherslupættir til úrbóta.
 - b. Kynning á hlutverki HH – áætlun byggð á IWR.
 2. Önnur mál.
-
1. Rektor kynnti gæðaúttektarskýrsluna og hvernig bregðast má við henni. Úttektarhópurinn hrósaði skólanum fyrir góða sjálfsmatskýrslu og það hve margir komu að henni. Í skýrslunni kom fram að hópurinn ber traust til starfshátta og getu skólans til að tryggja gæði þeirra gráða sem hann veitir og til þess námsumhverfis sem hann býður nemendum sínum. Skólinn hefur mikilvægu hlutverki að gegna gagnvart þeim starfsgreinum sem hann stendur fyrir. Hugmyndafræðin er góð, vegferðin er jákvæð, liðsheildin er öflug og samheldin og hefur náð góðum árangri. Skólinn hefur takmarkaðar auðlindir til að sækja í og fram koma að álag á starfsmenn er mikið. Til að sækja fram þarf skólinn aukinn mannskap og ganga þarf í viðhald húsnæðis. Leggja þarf áherslu á skýra verkferla og gott upplýsingaflæði og leggja ekki upp með ráðstafanir frá degi til dags. Tengja þarf kennslu- og framhaldsnámssvið betur við framkvæmdaráð og styðja vel við nemendur.
 - a) Áherslupættir til úrbóta.

Tengsl skólans við atvinnulíf og hagsmunaaðila eru góð en þau má styrkja. Nýr starfsmaður hefur verið ráðinn til kynningarmála og verða þau tekin föstum tókum, þ.á.m. vörumerki / táknildi (e. branding) fyrir skólann. Unnið er að gerð nýrrar heimasíðu.

Úttekt mannauðsstjóra var kynnt og möguleg viðbrögð við henni. Í úttektinni kom fram að húsnæði og vinnuaðstöðu þarf að bæta og sömuleiðis ýmsa samfélagslega streituvaldandi þætti. Styðja þarf vel við mannauð skólans og þörf er á að ráða gæða- eða mannauðsstjóra.

Framkvæmdaráð hefur lagt fram úrbætur sem felast m.a. í styttri boðleiðum, auknu upplýsingaflæði og samtengingu samantektar við stefnumótun 2021-2025.
 - b) Kynning á hlutverki HH – áætlun byggð á IWR.

Horfa þarf til breytinga í skipuriti skólans og var mikil umræða um stefnu hans, innra skipulag og hvernig best væri að haga málum.

Leggja ætti áherslu á sjálfbærni í öllum ferlum og aukið samstarf á milli deilda, bæði nemenda og kennara, í námi og rannsóknum.

Háskólaráð lýsir ánægju með niðurstöðu matsins og vill að stefnumótun verði unnin hratt og skilvirkt og felur rektor að leggja drög að nýju skipulagi.

2. Önnur mál.

- Ingibjörg greindi frá því að Ferðamáladeild hefði boðið upp á sjö sumarnámskeið og náðu þau öll lágmarkspáttöku (10 manns). Allt að 40 manns eru skráðir í stöku námskeið. Stundakennarar og fastráðnir kennarar í hlutastöðum tóku að sér kennsluna.
- Umsóknum, frá nýnemum fyrir haustönn, hefur fjölgað á milli ár. Umsóknir í Hestafræðideild eru 41 og verða 20 boðin skólavist, í Ferðamáldeild eru komnar 60 umsóknir, 20 í Fiskeldis- og fiskalíffræðideild.
- Rektor greindi frá viðbrögðum ráðuneytis vegna myglu í skólahúsnaðinu.
- Háskólaráð samþykkti að Laufey Skúladóttir sækti næstu fundi í gegn um fjarbúnað.